

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *36.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 26. apríl 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2011, síðari umræða.
3. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. apríl.
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 23. apríl.
5. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf. 30. apríl n.k.
6. Erindi frá Óla Halldórssyni um aðild sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum að verkefninu, Dreifð byggð - dreifð þjónusta.
7. Erindi frá Atvinnuveganefnd Alþingis ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.
8. Jarðvarmaklasi, frestað á síðasta fundi.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsvirkjunar dags. 12. apríl.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne. dags. 1. mars.

Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum dags. 2. apríl.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7 og 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2011, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 302,51 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 286,2 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 291,6 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 273,5 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,625% sem er lögbundið hámark þess. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 28,5 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 21,3 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 28,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 29,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 338,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 260,5 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 158,2 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 30 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2011 var 386 og fækkaði því um þrjá frá fyrra ári.

Við breytingar á sveitarstjórnarlögunum sem tóku gildi 1. janúar s.l. er ekki lengur gert ráð fyrir sérstökum skoðunarmönnum ársreikninga.

Miðað við niðurstöðu ársreikningsins verður að grípa til enn frekari hagræðingaraðgerða.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn.

3. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. apríl.

Fundargerðin hefur ekki borist.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 23. apríl.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er farið yfir ástand heimtaugar að Hraunborg/Hraunbergi, sem þjónar auk þess tveimur sumarbústöðum og þremur gistiheimilum, sem ekki var gert ráð fyrir þegar heimtaugin var lögð. Umsjónarmaður hitaveitunnar mætti til fundar undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu og telur fulla þörf á að endurnýja heimtaugina og stækka. Skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki mælt með því að ráðist verði í framkvæmdir við endurnýjun á hitaveitulögnum fyrr en náðst hafa samningar um uppgjör eldri mála sem tengjast hitaveitunni. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hlutaðeigandi landeigendum verði gerð grein fyrir málinu.

Í öðrum lið er tekið fyrir erindi frá Brynjólfi Steingrímssyni f.h. Þorgerðar Egilsdóttur, Grímsstöðum 4, þar sem óskað er eftir heimild til að afmarka 0,5 ha. lóð í landi jarðarinnar fyrir frístundahús. Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að skv. gildandi aðalskipulagi er ekki heimilt að leyfa einstakar byggingar frístundahúsa nema gert sé ráð fyrir þeim í aðalskipulagi. Í drögum að nýju aðalskipulagi sem nú er í vinnslu og mun að öllu forfallalaus taka gildi fyrir lok þessa ár er hins vegar heimilt að byggja allt að 3 frístundahúsum á bújörðum án þess að breyta aðalskipulagi. Nefndin getur ekki að svo stöddu mælt með að erindið verði samþykkt en mun taka það fyrir að nýju þegar nýtt aðalskipulag hefur tekið gildi. Þá ítrekar nefndin ákvæða laga um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 um að leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum framkvæmdum innan verndarsvæðisins.

Í þriðja lið er tekið fyrir erindi frá Eyrúnu Björnsdóttur f.h. Direkt ehf-Hike&Bike, þar sem óskað er eftir endurnýju á stöðuleyfi fyrir torgsöluhús, fyrrum Mývatnsmarkað. Samþykki landeigenda liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt þar sem deiliskipulag svæðisins er í vinnslu og ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi að svo stöddu. Eyrún vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið.

Í lið fjögur kemur fram að skipulagsfulltrúi hafi lagt fram lista fyrir stöðuleyfi sem veitt hafa verið frá árinu 2006. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að grípa til viðeigandi ráðstafana í þeim tilfellum þar sem stöðuleyfi eru útrunnin í samræmi við umræður á fundinum, þá er skipulagsfulltrúa í samstarfi við byggingafulltrúa falið að kanna almenna stöðu byggingarleyfisskyldra mannvirkja í sveitarfélaginu.

Í fimmta lið er tekið fyrir erindi frá Brynjari Skúlasyni Norðurlandsskógum þar sem óskað er eftir umsögn um það hvort breyting á skógræktarskipulagi í landi jarðarinnar Litlustrandar samræmist skipulagi sveitarfélagsins. M.f. er kort sem sýnir tillögu að breyttu samningssvæði. Breytingin lítur að því að fella út hluta svæðis í mólendinu vestan við veg og taka í staðinn mela sem nær liggja bænum norðan við heimreiðina að Litluströnd. Fram kemur að skógrækt hefur gengið afar vel á svæðinu og engin ástæða til að efast um að skógræktin muni skila árangri. Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomnar hugmyndir en leggur áherslu á að farið verði eftir þeim reglum sem drög að

aðalskipulagi Skútustaðahrepps kveða á um. Birgir og Margrét viku af fundi undir þessum lið.

Í lið sex, önnur mál kemur fram að nefndin hafi með óformlegum hætti fengið í hendur nýrri drög að reglugerð um verndun Mývatns og Laxár, en sveitarstjórn hafði gert athugasemdir við þau fyrri í ágúst s.l. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að ekki hafi verið óskað eftir formlegri umsögn sveitarfélagsins á breyttri reglugerð. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að óskað verði eftir því við Umhverfisstofnunina að sveitarfélagið fái aðkomu að samráði um reglugerðarsmíðina og að veittur verði nægjanlegur frestur til að ljúka þeirri vinnu.

Þá óskar nefndin eftir því við skipulagsfulltrúa að hann vinni leiðbeinandi upplýsingar um útgáfu skipulags- og byggingarleyfa fyrir íbúa sveitarfélagsins. Nefndin leggur til að árlegum ruslahreinsunardegi verði flýtt og verði í kringum 20. maí n.k. Nefndin fjallaði einnig um frágang ruslagáma í sveitarfélaginu og beinir því til sveitarstjórnar að úr verði bætt og bendir í því sambandi á fyrirkomulag sorpgáma á Akureyri sem talið er til fyrirmyndar og eftirbreytni. Að lokum felur Skipulags- og umhverfisnefnd skipulagsfulltrúa að kanna möguleika á styrkveitingum til þeirra aðila sem þurfa að viðhalda gömlum og úr sér gengnum girðingum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslur Skipulags- og umhverfisnefndar, nema þann hluta sem lýtur að frágangi ruslagáma í sveitarfélaginu, því er vísað til næstu fjárhagsáætlunargerðar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir furðu sinni á vinnubrögðum Umhverfisstofnunarinnar við vinnu við reglugerðarsmíð um verndun Mývatns og Laxár og telur þau eingöngu til þess fallin að skapa tortryggni og úlfúð. Það að ekki skuli hafa verið óskað eftir umsögn Skútustaðahrepps um drög að nýrri reglugerð, heldur hafi tilviljun ein ráðið því að sveitarstjórn barst hún í hendur getur ekki talist eðlileg stjórnsýsla né til þess fallin að skapa sátt. Mývetningar eiga mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli og virðast þeir að miklu leiti fyrir borð bornir.

5. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf. 30. apríl n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Guðrún María Valgeirsdóttir.

6. Erindi frá Óla Halldórssyni um aðild sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum að verkefninu, Dreifð byggð – dreifð þjónusta.

Í erindinu kemur fram að bréfitari hafi undanfarið unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að verkefni um dreifða byggð – dreifða þjónustu. Hugmyndin er að sækja um fjármagn til uppbyggingarþróunar þekkingar- og þjónustukjarna á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslum í svonefnda IPA sjóði Evrópusambandsins, auk þess sem verkefnið lýtur líka að samnýtingu, samrekstri og samstarfi þvert á geira. Helsta grunnþjónusta samfélaganna verður samrekin undir einu þaki og er helsta nýmælið í þessu verkefni að tengja saman ólíka starfsemi sem til þessa hefur ekki átt samstarf um rekstur. Dæmi um slíka samtengingu er menntun, skrifstofur sveitarfélaga, rannsóknir, stoðkerfi atvinnulífsins, sýslumaður/lögregla, heilbrigðisþjónusta, upplýsingamiðstöðvar og fl. Kostnað við verkefnið er ráðgert að brúa með IPA- styrk sem sótt verður um á

Þessu ári. Á undirbúningsstigi þurfa sveitarfélög og aðrir þátttakendur ekki að leggja fram neina fjármuni til verkefnisins. Fáist hins vegar umrætt fjármagn mun koma til mótframlaga úr héraði að einhverju leyti og verður það þá borið upp sérstaklega við þátttakendur.

Með erindinu er óskað eftir aðkomu Skútustaðahrepps að verkefninu ásamt öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum.

Sveitarstjórn samþykkir aðild að umsókn um fjármagn úr IPA sjóði Evrópusambandsins.

7. Erindi frá Atvinnuveganefnd Alþingis ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun ekki veita frekari umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndar og orkunýtingaáætlun umfram það sem fram kemur í sameiginlegri umsögn sveitarfélaganna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings varðandi Gjástykki.

Umsögnin var send með bréfi dags. 21. okt. s.l.

8. Jarðvarmaklasi, frestað á síðasta fundi.

Oddviti kynnti málið á síðasta fundi en um er að ræða þjónustusamning um klasastjórnun við Gekon ehf. Forsvarsmaður er Friðfinnur Hermannsson.

Megin tilgangur aðildar að Íslenska Jarðvarmaklasanum er að komast í beint samband við hagsmunaaðila og rannsóknariðnaðinn.

Meginvinna innan klasans snýr að 10 samstarfsverkefnum af ólíkum toga, má þar nefna nýsköpunarverkefni, markaðsmál og gagnaöflun. Tilgangur þeirra er m.a. að skapa fyrirtækjadrifinn samstarfsveitvang innan hins íslenska jarðvarmaklása til frekari framþróunar og vaxtar. Leiðarljós samstarfsins er virðisauki í jarðvarma.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps í samstarfi við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir sameiginlega aðild sveitarfélagana að verkefninu og tilnefningu sameiginlegs fulltrúa ásamt því að skipta með sér kostnaði sem nemur kr. 10 þús. á mánuði til loka árs. 2012.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.